



Milli mála, málkönnunarpróf í grunnskóla

Hvað?

- Fyrir nemendur sem dvalið hafa tvö ár eða lengur á Íslandi.
- Fyrir íslenska nemendur sem hafa dvalið 5 ár eða lengur erlendis.
- Tilgangur prófsins er að meta hvort börn sem hafa annað móðurmál en íslensku hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í þeim bekk sem þau eru í.
- Efni prófsins er að miklu leyti byggt á orðaforða, setningagerð og málfari sem notað er í kennslubókum í íslenskum skólum.
- Fleiri upplýsingar um Milli mála prófið er hægt að skoða á [síðu Miðju máls og læsis](#)

Hvernig?

- Prófið er lagt fyrir nemendur í grunnskólum af starfsfólki skólans.
- Starfsfólk skólans velur hvaða nemendur taka þátt í prófinu.
- Prófið er skriflegt (á pappír)
- Niðurstöður prófsins skipta nemendum upp í fjóra hópa eftir getu í íslensku:
 - **Hvítur hópur:** Þeir nemendur sem eru meira en einu staðalfráviki fyrir ofan meðaltal og teljast hafa staðið sig betur en flestir.
 - **Grænn hópur:** Þeir nemendur sem eru á góðri leið með að tileinka sér íslensku sem annað tungumál og ættu ekki að eiga í miklum vandræðum. Þeir þurfa fyrst og fremst góða og markvissa kennslu. Þeir eru einu staðalfráviki innan meðaltals.
 - **Gulur hópur:** Þeir sem þurfa markvissan stuðning til að komast yfir hindranir í íslenskunáminu. Þeir eru milli eins og tveggja staðalfrávika fyrir neðan meðaltal.
 - **Rauður hópur:** Nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu, þeir geta illa fylgst með eða tekið þátt í kennslustundum. Þeir þurfa góða og mjög markvissa íslenskukennslu og meiri tíma í íslensku málumhverfi. Þessir nemendur hafa ekki eins möguleika á að stunda framhaldsnám og sitja ekki við sama borð og aðrir Íslendingar á vinnumarkaði. Þeir eru tveimur staðalfrávikum eða meira fyrir neðan meðaltal.

Hvenær?

- Prófið er lagt fyrir í upphafi grunnskólagöngu, síðan við lok 4. bekkjar, lok 7. bekkjar og lok 9. bekkjar.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður eiga að berast til allra kennara sem kenna nemandanum, þ.m.t umsjónarkennara, faggreinakennara og list- og verkgreinakennara.
- Foreldrar fá upplýsingar um stöðu barna sinna.
- Áætlun um íhlutun og úrræði samkvæmt niðurstöðum er sett upp.
- Niðurstöður verða hafðar til hliðsjónar varðandi önnur próf og skimanir.

Tengiliður/stuðningur

- Nánari upplýsingar má fá hjá tengilið á skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar; Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, verkefnisstjóri fjölmenningar í grunnskólum, dagbjort.asbjornsdottir@reykjavik.is